

## IFLA 2009

Dagana 23-27. ágúst 2009 fór 75. IFLA (The International Federation of Library Associations and Institutions) ráðstefnan fram í Mílanó á Ítalíu. Í ár fóru aðeins bókasafns- og upplýsingafræðingar frá Íslandi á IFLA, þar af tveir úr stjórn Upplýsingar sem eru greinarhöfundar. Jafnframt var þetta í fyrsta sinn sem greinarhöfundar fóru á IFLA ráðstefnu. Ráðstefnan er að jafnaði fimm daga, frá sunnudegi til fimmtudags en daginn áður en ráðstefnan hefst eru fundir fastanefnda og einnig daginn eftir ráðstefnulok. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var : "Libraries create futures: Building on cultural heritage"

IFLA er alþjóðlegt samband bókasafna og stofnana og var stofnuð í Edinborg, árið 1927. Árið 2002 var haldið uppá [75 ára afmæli](#) IFLA á árlegu ráðstefnunni í Glasgow. Í dag eru 1600 meðlimir í IFLA í um það bil 150 löndum um allan heim. Höfuðstöðvar IFLA eru í Haag [The Royal Library, the national library of the Netherlands](#). Hjá IFLA eru átta yfirdeildir sem eru flokkaðar eftir tegundum safna, þannig að á ráðstefnunni á að vera eitthvað sem höfðar til flestra safnategunda.



Fyrir framan ráðstefnuhöllina í Mílanó

Á IFLA er jafnan þétt dagskrá og margar málstofur um mismunandi efni á sama tíma. Við vorum búnar að hittast fyrir ráðstefnuna og skipuleggja þá fyrirlestra sem okkur þótti nauðsynlegt og áhugavert að fara á.

Við mættum svo galvaskar á opunarhátíðina snemma sunnudagsmorguns þann 23. ágúst.

Á opunarhátíðinni var mikil sýning í gangi, m.a ræður og leiksýning í fimm þáttum.

Á eftir var haldið í hádegisverð í stóra salnum. Þar var mikið og stórt hlaðborð með alls kyns ítölskum kræsingum, pasta, mozarella og parmaskinku. Með þessu var að sjálfsögðu boðið uppá ítölsk vín. Eftir matinn lét maður sig hafa það að bíða í langri biðröð eftir að fá ekta ítalskan ís...biðin var alveg þess virði!

Fyrsti fyrirlesturinn sem við fórum við á *Newcomers session* sem er eins og nafnið gefur til kynna málstofa í upphafi ráðstefnunnar fyrir þá sem aldrei hafa sótt IFLA áður. Fyrst vorum við boðin velkomin af Jennifer Nicholsson sem er ritari IFLA. Síðan spjallaði Bob McKee sem er í fastanefnd IFLA um reynslu sína af félaginu. Hann var með nokkur heilræði og hvatti okkur meðal annars til að taka okkur frí frá fyrirlestrum og gleyma ekki að það væri borg þarna úti og margt annað að skoða en bara ráðstefnuhöllina og umhverfi hennar.

Minnisatriði Bobs voru á þessa leið:

1. Plan your schedule
2. Talk to people
3. Enjoy "informal" IFLA (those discussions that occur in the corridors and cafes)
4. Take advantage of "hidden" IFLA (attend a committee meetings)
5. Relax
6. See the city
7. Enjoy yourself

Þessi málstofa fyrir „first timers“ var mjög gagnleg og við hvetjum alla sem fara á IFLA í fyrsta sinn að nýta sér hana.

Eins og venjan er á IFLA eru ýmis fyrirtæki og fulltrúar bókasafna og útgefanda að kynna starfsemi sína og í tilefni af því var opunarhátíð sem við sóttum að sjálfsögðu.

### **Mánudagurinn 24. ágúst:**

Við fórum á sitt hvora málstofuna. Annars vegar fórum við á málstofu sem hét *Public libraries and Metropolitan libraries* þar sem þemað var um framtíð almenningsbókasafna (*Framing the future for a new agenda for public libraries*). Þar kom m.a. fram í fyrirlestri sem Thomas Galante forstöðumaður hélt um almenningsbókasafnið í Queens hversu mikil aukning hefur verið undanfarin ár á notkun ungs fólks á söfnunum hjá þeim. Almenningsbókasafnið í Queens er með 62 útibú sem þjóna um 2,2 milljónum íbúa í Queens hverfinu í New York

Meðal þess sem gert hefur verið til þess að ná til unga fólksins er fá það í vinnu á safninu hluta úr degi. Einnig eru söfnin mikið notuð af unglingum sem koma þangað til að vinna við heimanámið í stað þess að fara heim til sín til að læra. Gekk þetta orðið svo vel í einu útibúinu að það þurfti að fá annað húsnæði fyrir unglingana en þar eru engar bækur aðeins tölvur sem unglingarnir geta notað til að læra. <http://www.queenslibrary.org/index.aspx>

Hins vegar fórum við á málstofu um markaðssetningu sérfræði-og rannsóknabókasafna þar sem þemað var (*Libraries of the future – libraries in the future: where will we stand 10 years from now?*) Þar var áhugaverður fyrirlestur hjá Eppo Van Nispen frá Hollandi. Hann varpaði m.a. fram þeirri spurningu hvort bókasöfn yrðu fundin upp í dag? Nokkur umræða fór í gang við þessa athugasemd og það var almenn skoðun að bókasöfn yrðu fundin upp í dag en sennilega ekki í þeirri mynd sem þau eru núna.

### Þriðjudagur 25 ágúst:

Eitt af því skemmtilega við IFLA eru skoðunarferðirnar sem í boði eru. Hægt var að velja um nokkur bókasöfn til að heimsækja án endurgjalds en einnig eru ýmsar hálf-dagsferðir og heilsdagsferðir í boði gegn gjaldi. Við skráðum okkur frekar seint á ráðstefnuna og því var orðið fullt í flestar ferðirnar. En við fórum þó í heimsókn á bókasafn og fyrir valinu varð safn sem heitir Biblioteca Trivulziana.

Trivulziana bókasafnið er staðsett í Sforzesco kastalanum sem er í miðborg Milanó. Safnið á um það bil 180.000 rit. Handrit eru um 1500 og er það elsta frá 9. Öld. Frægasta handritið er án efa “*The Note books*” eftir Leonardo Da Vinci. Fleiri verk sem má nefna er útgáfa frá 1337 á “*The Divine Comedy*” eftir Dante.



Sforzesco kastalinn

Við fengum afar góðar móttökur á bókasafninu. Byrjað var á því að afhjúpa glerkassa sem innihélt “*The Notebooks*” eftir Leonardo DaVinci. Síðan var farið í skoðunarferð um safnið. Á safninu er vinnustofa þar sem hægt er að laga gömul handrit og var sú stofa opnuð árið 1978. Við fengum að skoða tæki og tól sem notuð eru við bæði viðgerð og skoðun handrita. Að lokum vorum við kvödd með fallegu kortasafni af Milanó. Við enduðum daginn á fundi með fulltrúum frá öðrum fagfélögum og undirbyggjum okkur undir kosningu sem fram fór seinna á ráðstefnunni. Nánar um kosninguna síðar.

Á þriðjudagskvöldinu var svo eina skemmtikvöld ráðstefnunnar.



Duomo kirkjan og Galleria Vittorio Emanuele II

Í stað hefðbundins kvöldverðar á ráðstefnu-svæðinu var farið í miðbæ Mílanó þar sem okkur var meðal annars boðið að skoða listasöfn, og á tónleika í Duomo kirkjunni. Allt var gert til að hafa upplifunina sem mikilfenglegasta. Listasafnið **Pinacoteca di Brera** var haft opið lengur í tilefni ráðstefnunnar, einnig voru búðir í Galleria Vittorio Emanuele II hafðar opnar til kl. 24.

Við fengum að fara á nokkurs konar forsyningu á sýningu á teikningum eftir Leonardo Da Vinci sem var opnuð í haust í [MUSEO NAZIONALE DELLA SCIENZA E DELLA TECNOLOGIA](#) sýningin á að standa út árið 2015 í tilefni af EXPÓ sýningunni í Mílanó það ár.



Handrit Da Vinci sem var til sýnis í Galleria Vittorio Emanuele II

Á tónleikunum í Duomo var spilað á Stradivari fiðlu og hörpu meðal þess sem var spiluð var *Aria in Fa* eftir Johann Sebastian Bach og *Romance no. 2 in Fa* eftir Ludwig van Beethoven. Eftir tónleikana var öllum boðið að snæða 3ja rétta kvöldverð í þeim veitingahúsum sem voru í Galleria Vittorio Emanuele II og var þetta kvöld hin besta

skemmtun. Þó heyrðum við að ýmsir fastagestir í IFLA söknuðu þess að vera allir saman í mat á ráðstefnusvæðinu en okkur fannst þetta kvöld mjög vel heppnað.


### Miðvikudagur 26 ágúst:

Þá var það kosningin í nefndir og stjórn IFLA eða „*General assembly, council meeting*“. Við sem fulltrúar Upplýsingar höfðum kosningarétt en höfðum varla hugmynd um hvað við vorum að fara að kjósa um! Við tókum á það ráð að hengja okkur á vinalegan Svía sem útskýrði fyrir okkur um hvað þetta snérist. Og á endanum höfðum við tekið þátt í okkar fyrstu kosningu í fastanefndir IFLA.

### Fimmtudagur 27 ágúst:




Frá fyrirlestri á IFLA. Ida Joiner fjallar um e-learning.



Þennan dag voru fleiri áhugaverðir fyrirlestrar sem vert er að minnst á. Tveir Svíar, Lotta Gustafsson og Mattias Rieloff kynntu heimasíðu bókasafns háskólans í [Växjö](#) en hún var unnin og hönnuð með notendum síðunnar. Meira en 700 nemendur tóku þátt í verkefninu. Margar aðferðir voru notaðar, rýnihópar og spurningalistar en einnig gátu nemendur bent á hvað mætti betur fara á síðunni, hverju var ofaukið og svo framvegis. Ein aðalaðferðin sem var notuð var svokölluð spjaldauppröðun (card sorting). Á spjöldin var skrifað innihald síðunnar og áttu notendur (bæði starfsfólk og nemendur) að raða þeim eftir forgangs röð. Þessi aðferð hefur verið notuð í Bandaríkjunum og Bretlandi og hefur gefist vel – enda er hún afar einföld í framkvæmd. Greinina í heild má lesa [hér](#).

Ráðstefnunni lauk síðan með lokahátíð þar sem m.a. var tilkynnt um hvar ráðstefnan yrði haldin næsta ár en hún verður í [Gautaborg, Svíþjóð](#) dagana 10. – 15. Ágúst.



Árið 2011 verður hún svo haldin í [Puerto Rico](#) dagana 13-18 ágúst.

Það var mikið fjör þegar tilkynnt var um hvar ráðstefnan yrði haldin 2012.

*Finnar munu halda ráðstefnuna árið 2012 og þegar það var tilkynnt spruttu Finnsku ráðstefnugestirnir upp alls staðar í salnum og veifuðu*



Að lokum má svo ekki gleyma forsetaskiptum sem fram fór þetta ár á IFLA ráðstefnunni. [Claudia Lux](#) kvaddi eftir nokkurra ára setu í forsetastól og við tók [Ellen Tise](#). Ellen Tise er frá Suður- Afríku og hennar þema næstu árin í forsetastól verður „Libraries Driving Access to Knowledge“.



Greinarhöfundar ásamt Ellen Tise núverandi forseta IFLA og Claudiu Lux fyrrv. forseta.

### Lokaorð

Ferðin á 75. IFLA ráðstefnuna gekk í alla staði vel fyrir sig. Skipulagið var gott, einfalt að finna rétta fyrirlestrasali og margt starfsfólk sem gat aðstoðað. Við lærðum auðvitað heilmikið af þessu og komum heim reynslunni ríkari. Til dæmis er mikið um að mynduð séu sambönd við aðra bókasafnsfræðinga á sama sviði og því hefði nú verið ansi gott að muna eftir nafnspöldunum sínum að heiman! Einnig er ráðlegt að skrá sig snemma á ráðstefnuna bæði til að greiða lægra gjald og ef haft er í huga framboð á dagsferðum og öðrum heimsóknunum sem í boði eru. Við mælum með því að sem flestir reyni einhvern tímann að fara á IFLA ráðstefnu enda fann maður það strax á opunarhátíðinni að líklega yrði maður „IFLA addict“ eftir þessa ferð. Við erum að minnsta kosti farnar að íhuga næstu ráðstefnur.



Að lokum. Ítalir mæla með  
2009 árgerðinni af  
rauðvíni!

Helga Halldórsdóttir  
Sigrún Guðnadóttir